



### Fundargerð

Þriðjudaginn 29. október 2024 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 12:00. Fundurinn var haldinn á TEAMS fjarfundabúnaði.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Péturína Laufey Jakobsdóttir ásamt Vigni Sveinssyni varamanni en Erla Jónsdóttir hafði boðað forföll.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

#### 1. Þjónustusamningur Heilbrigðisráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands um rekstur Sæborgar

Lagt var fram minnisblað um stöðu á rekstri Hjúkrunarheimilsins Sæborgar og samskipti framkvæmdastjóra við ríkið vegna málsins. Þau sveitarfélög sem standa að rekstrinum í gegnum Félags- og skólaþjónusta A-Hún bs. eru Húnabyggð og Skagaströnd. Ljóst er að um afar mikilvæga starfsemi er að ræða fyrir Austur-Húnavatnssýslu bæði út frá þjónustu og sérhæfðri atvinnu á köldu svæðið. Vinnustaðurinn er stór eða um 23 starfsmenn í 15,42 stöðugildum á ársgrundvelli. Þá er dýrmætt að geta veitt þessa þjónustu í heimabyggð fyrir íbúa svæðisins og er metnaður til þess að það haldist óbreytt.

Rekstrarkostnaður Sæborgar hefur verið verulega íþyngjandi síðustu árin. Rekstrarhalli skv. ársreikningum nam um 29,3 m.kr. árið 2022 og 54,4 m.kr. árið 2023. Við þá stöðu er ekki hægt að una lengur enda er rekstur hjúkrunarheimila á landinu á ábyrgð ríkisins en ekki sveitarfélaga. Stjórn ræddi stöðuna. Bar formaður upp tillögu þess efnis að samningi við Sjúkratryggingar Íslands og Heilbrigðisráðuneytið um reksturinn á Sæborg verði sagt upp og rekstri heimilisins skilað aftur til ríkisins. Var tillagan samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum. Var framkvæmdastjóra falið að segja samningnum upp og hefja viðræður við ráðuneytið varðandi áframhaldandi



## Félags- og skólafjónusta A- Hún

---

rekstur á Sæborg í óbreyttri eða bættri mynd. Uppsagnarfrestur samningsins er 6 mánuðir.

### 2. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:35

Ásdís Ýr Arnardóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Grímur Rúnar Lárusson

Vignir Sveinsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir